

Endursamningar við stórnotendur skila bættri afkomu

Hagnaður fyrri hluta ársins 19 milljarðar króna

Helstu atriði árslutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 165,3 milljónum USD (22,2 mö.kr.), en var 99,3 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 66,5%.¹
- Hagnaður tímabilsins var 144,5 milljónir USD (19,4 ma.kr.), en var 55,1 milljón USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 339,3 milljónum USD (45,5 mö.kr.) og hækka um 77,3 milljónir USD (29,5%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 147,5 milljónir USD (19,8 ma.kr.) frá áramótum og voru í júnílok 1.353,3 milljónir USD (181,3 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 234,9 milljónum USD (31,5 mö.kr.), sem er 43,6% hækkun frá sama tímabili árið áður.
- Meðalverð til stórnotenda án flutnings var 42,1 USD á megavattstund, sem er hæsta verð á fyrri árshelmingi í sögu Landsvirkjunar.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstrarniðurstaða fyrri hluta ársins var betri en nokkru sinni fyrr í sögu Landsvirkjunar. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði hækkaði um tvo-þriðju miðað við sama tíma í fyrra og nam rúmum 22 milljörðum króna. Þessa hækkun má einkum rekja til hækkunar á raforkuverði til stórnotenda. Rekstrartekjur hafa aldrei verið hærri á hálfárs tímabili frá stofnun Landsvirkjunar og námu 45,5 milljörðum króna.


Rekstur aflstöðva gekk vel á tímabilinu. Eftir erfiðan fyrsta ársfjórðung þar sem tíð óveður og erfið staða í vatnsbúskapnum reyndu mjög á fyrirtækið kom vorið með kröftugu innrennsli og er vatnsstaðan því nú í góðu meðallagi.

Eftirspurn eftir raforku var með allra mesta móti á tímabilinu, en orkuafhending til stórnotenda jókst um 5% og jafnframt jókst afhending forgangsorku í heildsölu um 23%. Um leið var meðalverð til stórnotenda án flutnings herra en nokkru sinni áður á fyrri árshelmingi, eða 42,1 dalur á megavattstund. Þetta má m.a. rekja til endursamninga undanfarinna ára, sem tryggt hafa að flestir viðskiptavinir Landsvirkjunar borga verð sem er sambærilegt við það sem gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 134


Rekstur

Þróun rekstrartekna




Mikil eftirspurn er eftir raforku á Íslandi og er hún í raun meiri en framboð. Rekstrartekjur námu 339 m. USD á fyrri helmingi árs, sem er 30% hækkun miðað við sama tímabil árið áður. Verð á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum er hátt á tímabilinu.

EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisýrningu, EBITDA, nam 264 m. USD á fyrri hluta árs og hefur aldrei verið hærri. Þessi hækkun er í takti við háar rekstrartekjur.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 165 m. USD á fyrri hluta árs og endurspeglar sterkan grunnrekstur Landsvirkjunar.


Áhrifabættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði




Nettó skuldir lækka enn

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 235 m. USD á fyrri hluta árs, sem er 71 m. USD hærra en árið áður. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádrögnum handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 148 m. USD frá áramótum.

Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 159 m. USD í lok júní, sem er um 62 m. USD hækkun frá árslokum 2021.



Horfur í rekstri

Afkoma Landsvirkjunar er mjög sterk um þessar mundir sem skýrist aðallega af hækkun á raforkuverði til stórnotenda og endurspeglar endursamninga undanfarinna ára. Horfur í rekstri eru því góðar um þessar mundir, en afkoman mun áfram litast af stöðu á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

Reykjavík, 30. ágúst 2022

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og upplýsingatækni

s. 515 9000

Um árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir árshlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2022	2021	2020	2019	2018
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstur					
Rekstrartekjur	392.933	276.983	223.281	255.523	273.946
Innleystar áhættuvarnir	(53.666)	(15.020)	3.819	4.195	(4.402)
Rekstrartekjur samtals	339.267	261.963	227.100	259.718	269.544
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(75.040)	(65.962)	(59.745)	(61.525)	(71.789)
EBITDA	264.227	196.001	167.355	198.193	197.755
Afskriftir og virðisrýrnun	(71.210)	(68.907)	(63.848)	(67.400)	(61.839)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	193.017	127.094	103.507	130.793	135.916
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(27.684)	(27.802)	(30.344)	(34.402)	(49.192)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	165.333	99.292	73.163	96.391	86.724
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	49.799	21.400	(19.626)	765	(29.133)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(4.878)	(38.871)	(29)	(3.431)	14.046
Óinnleystur gjaldeyrismunur	12.567	942	9.824	8.419	10.037
	57.488	(16.529)	(9.831)	5.753	(5.050)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	222.821	82.763	63.332	102.144	81.674
Tekjuskattur	(78.274)	(27.662)	(19.770)	(33.586)	(27.167)
Hagnaður	144.547	55.101	43.562	68.558	54.507
Efnahagur	30.6.2022	30.6.2021	30.6.2020	30.6.2019	30.6.2018
Eignir samtals	4.512.401	4.462.475	4.332.388	4.355.140	4.486.572
Eigið fé samtals	2.384.666	2.234.624	2.201.115	2.191.134	2.099.502
Skuldir samtals	2.127.735	2.227.851	2.131.273	2.164.006	2.387.070
Nettó skuldir	1.353.280	1.591.137	1.631.302	1.758.546	1.992.640
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	234.883	163.540	129.654	159.892	149.239
Fjárfestingar	(30.909)	(56.808)	(40.201)	(32.255)	(96.656)
Fjármögnun	(141.793)	(10.692)	(92.586)	(165.788)	(66.682)
Lausafé alls	339.346	379.412	285.523	422.964	491.026
Eiginfjárlutfall	52,8%	50,1%	50,8%	50,3%	46,8%
Arðsemi eiginfjár	10,7%	4,1%	4,1%	6,4%	6,2%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	8,65x	6,44x	5,43x	5,70x	4,77x
Nettó skuldir / EBITDA	2,74x	4,48x	4,69x	4,51x	5,30x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.